

MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

VERKSVIT

HUGVIT

SÍÐVIT

MEISTARANÁM

Í VERKEFNASTJÓRNUN

mpm.is



HVAÐ er MPM?

MPM námið er hagnýtt 45 eininga nám (90 ETCS einingar) sem er sniðið að síauknum kröfum samfélags og athafnalífs um árangur í verkefnum og eftirspurn eftir fagmenntuðum verkefnastjórnunum. Rík áhersla er lögð á þátttöku nemenda. Þekkingu og færni er miðlað með kröftugum fyrirlestrum, markvissum verklegum æfingum og í hópvinnu þar sem unnið er með raunveruleg viðfangsefni sem oft eru sótt í starfsumhverfi nemenda. Kennt er í lotum og er eitt námskeið tekið fyrir í einu. Nemendur hljóta alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun sem gefin er út af Verkefnastjórnunarfélagi Íslands í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA). Nánari upplýsingar á mpm.is

Markmið MPM námsins

- Að mennta og þjálfna nemendur í að takast á við margvísleg viðfangsefni með aðferðum verkefnastjórnunar.
- Að mennta og þjálfna nemendur í að beita tæknilegum aðferðum við undirbúning, framkvæmd og frágang verkefna.
- Að mennta og þjálfna nemendur í sjálfstjórn, samskiptum, forystu, teymisvinnu og eflingu liðsheilda.
- Að mennta og þjálfna nemendur til leiðandi starfa á fjölbreytilegum starfsvettvangi á Íslandi og erlendis.
- Að undirbúa nemendur undir alþjóðlegar vottanir (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni.
- Að viðhalda og efla þekkingu á verkefnastjórnun og skapa nýja þekkingu í sviðinu.
- Að samþætta innsýn úr hug-, félags-, viðskipta- og verkvísindum með hagnýtum hætti.
- Að þjálfna framtíðarleiðtoga sem eru færir um að gera það sem gera þarf.

Tekið er við umsóknum í MPM námið frá fólki með B.A./B.S./B.Ed. gráðu (eða sambærilegu) og þriggja ára reynslu af því að starfa í verkefnum.

Kennarar á heims mælikvarða

Kennarar námsins koma meðal annars frá Columbia University í New York, Stanford háskóla í Kaliforníu, Massachusetts Institute of Technology (MIT) í Boston, Chalmers University í Gautaborg, Middlesex University, Salford University og London School of Economics í Bretlandi, Union Theological Seminary í New York, Heriot-Watt Edinburgh Business School í Skotlandi, NTNU í Noregi, DTU og Verslunarháskólanum í Kaupmannahöfn, og víðar. Kennarar námsins eru margir leiðandi og framsæknustu fræðimenn á sviðinu á heimsvísu.

Dr. Helgi Þór Ingason, forstöðumaður MPM námsins

Upphaf verkefnastjórnunar sem fræðigreinar má rekja til miðrar 20. aldar þegar verkfræðingar þróuðu aðferðir til að gera verk-áætlanir fyrir stór og flókin þróunar- og framkvæmdaverkefni. Verkfræðideild HÍ byggir á þessari arfleifð við uppbyggingu og þróun MPM náms – meistaranáms í verkefnastjórnun – sem allir geta sótt sem lokið hafa grunnnámi í háskóla og öðlast hafa reynslu af þátttöku í verkefnum á atvinnumarkaði. MPM námið er hagnýtt stjórnunarnám sem stendur á traustum þverfaglegum grunni verkefnastjórnunar- og leiðtogafræða.

Nemendur öðlast djúpa þekkingu á þeim fræðum með lestri fræðigreina og kennslubóka. Þá öðlast þeir þjálfun og færni í að beita skilvirkum aðferðum við undirbúning, framkvæmd og lúkningu margvíslegra verkefna. Hér er um að ræða bæði tæknilegar aðferðir við stefnumótun, áætlanagerð og eftirfylgni, en ekki síður aðferðir til að skilja styrkleika og veikleika einstaklinga og hópa, greina vandamál í samskiptum fólks og vinna með þessa þætti til að hámarka árangur í krefjandi samstarfi. Nemendur í MPM námi koma úr ýmsum atvinnugreinum og hafa afar fjölbreytilegan faglegan bakgrunn. Þeir eiga það sameiginlegt að vilja auka færni sína í að stýra flóknum og krefjandi verkefnum. MPM námið er hannað til að mæta slíkum væntingum. MPM nám er fyrir alla þá sem vilja koma hugmyndum í framkvæmd – **og láta verkin tala!**



Dr. Haukur Ingi Jónasson, kennari í MPM náminu

Ég leiðbeini um mannlega þætti í verkefnastjórnun og þjálfá nemendur í að skilja eigin viðbrögð og annarra og verða færari í að takast á við margbreytilegar stjórnunarstöður. Námið er ekki aðeins öflugt stjórnendanám heldur er það líka gefandi og eflandi fyrir persónulegan þroska hvers og eins. Undirtónninn er þroski, þróun og heilbrigði, enda samræmist

það ekki hugmyndum mínum um líf og tilveru að fólk keppi að afburðaárangri án meðvitundar um þetta samhengi. Við erum það sem við gerum og við sköpum okkur í gegnum verkefni okkar. Nemendur öðlast því heildræna sýn á verkefni sín og færni í að beita markvisst þeim mýmörgu stjórnunarverkfærum sem námið færir þeim. Markmið námsins eru fjölþætt, en í stuttu máli þá erum við að mennta verkefnaleiðtoga framtíðarinnar og kenna þeim að umgangast með skapandi hætti þá auðlegð sem erum við sjálf, aðrir, samfélagið og heimurinn allur. Við innrætum fólki ekki einfeldningslega sýn á athafnalíf, mannlega möguleika og háværkun árangurs, heldur erum við að mennta, þroska og hvetja fólk til þess að sjá hlutina í víðu samhengi og í skýru ljósi. Von mín er sú að námið muni, þegar upp er staðið, skapa færa og víðsýna stjórnendur sem taka að sér forystuhlutverk í metnaðarfullum og uppbyggjandi verkefnum sem leiða til sem mestrar hamingju fyrir sem flesta.



Aðalheiður Sigurðardóttir MPM, verkefnastjóri hjá Glitni



Ég hafði verið að vinna í verkefnadrifnu umhverfi og var þátttakandi í mjög stóru og flóknu erlendu verkefni sem gekk ekki sem skyldi. Í kjölfarið fór ég að velta því fyrir mér hvort ekki væru til betri aðferðir. Ég upplifði líka stöðnun í starfi og vantaði nýja áskorun. Ég var með B.S. gráðu í viðskiptafræði, hafði unnið við bókhald, fjármálastýringu og sem ráðgjafi og verkefnastjóri hjá hugbúnaðarfyritæki. Ég hafði tekið þátt í mörgum erlendum verkefnum sem voru að öllu jöfnu heldur flóknari en þau innlendu. Það sem heillar mig við MPM námið er blandan af umfjöllun um „mjúka“ og „harða“ þætti verkefnastjórnunar. Í náminu fékk ég í verkfærakistu mína alls kyns aðferðir, tæki og tól til þess að beita við stýringu verkefna og hæfileikann til að vera gagnrýnin á þessar sömu aðferðir. Auk þess fékk ég þjálfun í að vinna með fólki og skilja betur hvað veldur því hvernig fólk bregst við ólíkum aðstæðum og atburðum. Það sem stendur upp úr er hversu mikið ég lærði um sjálfa mig. Þekking á aðferðafræði og lögmálum verkefnastjórnunar gerir mér kleift að velja betur viðeigandi aðferðir. Námið er skemmtilegt og hagnýtt og þeir sem vinna að verkefnum geta með því aukið stjórnunarfærni sína. Í náminu byggði ég líka upp öflugt tengslanet sem skiptir miklu máli í íslensku atvinnulífi.



Þorleifur Thorlacius Finnson, verkefnastjóri hjá Reykjavík Energy Invest



Allt frá því ég hóf störf að loknu námi í rafmagnstækniþræði fyrir margt löngu hefur vinna mín verið tengd verkefnastjórnun og á síðustu árum hefur sá hluti starfsins stórukaust. Verkefnin hafa verið allt frá smærri framkvæmdaverkum upp í þróun og uppbyggingu stórra dreifikerfa og framleiðslueininga. Ég hef allan minn starfsferil reynt að stunda endur- og símenntun í gegnum styttri námskeið. Þetta nægði mér ekki og því fór ég að huga að því taka lengra tímabil til að endurnýja fræðin, læra nýja hluti og víkka sjóndeildarhringinn. Það var ekki fyrr en ég las um MPM námið að ég fann efni sem féll að mínu áhugasviði og var sterk viðbót við starfsreynslu mína. Rannsóknunum á verkefnaþróun og verkefnastjórnun hefur fleygt fram og nýjar hugmyndir og nýjar aðferðir verið próaðar. Reynsla í starfi er góður grunnur, en þekking og skilningur á þróun fagsins og skilningur á nýjum aðferðum og áhöldum er nauðsynlegur, annars hættir manni til að falla fljótt í gamla farið. Ég valdi MPM námið til þess að læra ný fræði, öðlast getu til að ná betri árangri, skerpa sýn mína og þroskast.



Unnur Ágústsdóttir MPM, verkefnastjóri hjá Kaupþingi



Ég var í starfi sem ég þekkti mjög vel og gekk hnökralaust fyrir sig, en mig langaði að komast út úr þægindahringnum, breyta til og prófa eitthvað nýtt. Mig langaði líka til að verða betri í verkefnastjórnun þar sem starfsumhverfið verður sífellt verkefna- miðaðra. Ég er viðskiptafræðingur með löggildingu í verðbréfa- miðlun og hef starfað á ýmsum sviðum innan Kaupþings frá 1998 en þó aðallega við störf tengd lífeyrissjóðum sem bankinn rekur. Mér fannst blanda í MPM náminu af tækni og mannlegum þáttum áhugaverð. Innsýn í mannlega breytni skiptir höfuðmáli í nútímarekstri en viðskipti snúast fyrst og fremst um samskipti; það er fólk sem vinnur í verkefnum og hvar sem okkur ber niður erum við að fást við mannlega breytni. Í náminu lærði ég að takast á við sjálfa mig og aðra, mannlega bresti og ágreining innan verkefna með markvissum og árangursríkum hætti. Þá hefur nýst mér vel úr náminu að þora að viðurkenna að sum verkefni ganga ekki upp og því er nauðsynlegt tað hætta við þau áður en í óefni er komið. Ég lærði að týna mér ekki í smáatriðum heldur ná heildaryfirsýn. MPM námið er frábært nám sem nýtist bæði í vinnu og einkalífi.

Birna Einarsdóttir, verkefnastjóri hjá Símanum



Hvers vegna verkefnastjórnun?

Aukin samkeppni, tækniþróun og stærri markaðssvæði í kjölfar alþjóðavæðingar veldur því að þörfin fyrir vel menntaða verkefnastjóra eykst stöðugt. Vegna þess að viðfangsefni eru stærri og flóknari en áður og sérhæfing hvers og eins er mikil verður aðkoma verkefnastjórans mjög mikilvæg. Verkefnastjórnin er sérfræðingur í að halda styrkum höndum um verkefni og gefa þátttakendum færi á að einbeita sér að sínu sérsviði. Verkefnastjórnun er í senn vaxandi stjórnunaraðferð og líka gróðarlega krefjandi viðfangsefni. Það er því nauðsynlegt að bjóða upp á haldgóða menntun í faginu sem inniheldur bæði fræðilegan grunn og tækifæri til að öðlast reynslu af raunhæfum verkefnum. Þannig verður til þekking fyrir atvinnulífið til að takast á við spennandi verkefni framtíðarinnar þannig að árangur náist.



Ólafur Jónsson, yfirmaður verkefnastofu VÍS

Frá ferlum til verkefna

VÍS er 250 starfsmanna þjónustufyrirtæki. Hér er stöðug þróun vöruframboðs og bestun þjónustuferla sem starfsmenn ýmissa deilda koma að. Verkefnahópar hafa verið stofnaðir en reynslan af þeim hefur verið misjöfn. Verkefni hafa haft tilhneigingu til að taka of langan tíma og niðurstöður þeirra eru óljósar og úr takti við væntingar. Við stofnuðum því verkefnastofu VÍS sem fékk það hlutverk að innleiða verkefnastjórnunarmenningu innan fyrirtækisins og sjá um verkefnastjórn á öllum stærri verkefnum. Reynslan af þessu hefur verið með afbrigðum góð og ljóst er að hlutverk stofunnar fer vaxandi. Verkefni eru nú betur skilgreind, vinnan er markvissari og þau taka styttri tíma. Upphaf og endir verkefna eru ljós og niðurstöður betur skilgreindar. Skipulegur hugsanagangur verkefnastjórnunar nýtist vel allri í daglegri vinnu.



1. misseri

- **Stefnumótun og sóknaráætlun**
- **Verkefnastjórnun:**
Fræðilegur grunnur og áætlanagerð
- **Verkefnaleiðtoginn:**
Sjálfskilningur, þroski og þróun

2. misseri

- **Upplýsingar og upplýsingatækni í verkefnum**
- **Raunhæft verkefni:**
Undirbúningur, framkvæmd og lúkning
- **Verkefnaleiðtoginn:**
Siðfræði verkefnastjórnunar
- **Samningar í verkefnum:**
Samningagerð, deilu- og áfallastjórnun

3. misseri

- **Arðsemi og fjármögnun verkefna**
- **Verkefnateymi og aflfræði hópa**
- **Stjórnun, ráðgjöf og þróun skipulagsheilda**
- **Verkefnadrifnar skipulagsheildir og verkefnastofur**

4. misseri

- **Háþróuð verkefnastjórnun**
- **Valnámskeið:**
Verkefnastjórnun í ólíkum greinum atvinnulífsins
- **Valnámskeið:**
Verkefnastjórnun í alþjóðlegu menningarumhverfi
- **Valnámskeið:**
Verkefnastjórnun við vöruhönnun og vöruþróun
- **Valnámskeið:**
Verkefnastjórnun og vörustjórnun
- **Lokaverkefni:**
Ráðstefnugrein á sviði verkefnastjórnunar

UPPBYGGING NÁMS



Unnið af

Ester Auði Elíasdóttur, Höllu Einarsdóttur, Hólmfríði Berentsdóttur, Júlíu Pálmadóttur Sighvats, Óskari Friðríki Sigmarssyni, Snæþóri Halldórssyni og Hauki Inga Jónassyni í samstarfi við auglýsingastofuna Fiton.





VERKFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS



Hagnýtustu þættir MPM að mati nemenda eru meðal annars:

- Samspilið milli mannglegra þátta og framvindu verkefna
- Kennsla og kynning á fjölmörgum hagnýtum verkfærum til verkefnastjórnunar
- Aukin þekking á sjálfstjórn, samskiptum og samningatækni
- Áherslan á leiðtogaþæfni í náminu
- Efling faglegra vinnubragða og mannleg samskipti

100% nemenda hafa hvatt eða myndu hvetja aðra til að sækja námið.
(Könnun í febrúar 2008)



Verkfræðideild Háskóla Íslands
Hjarðarhaga 6 | 107 Reykjavík
Sími: 525 4700 | Fax: 525 4632
mpm.is | verk@hi.is

